

Reglugjörð

um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu.

59
22. apríl

1. gr.

Hreppsnefndir hafa umsjón með refaveiðum, hver í sínum hreppi, og greiðist allur kostnaður við þær úr sveitarsjóðum (sbr. þó 5. gr.). En þar sem tveir hreppar eða fleiri eiga afrjettarland saman, þá skal hreppsnefndin í þeim hreppi, sem liggur næst afrjett, hafa allar framkvæmdir viðvíkjandi refaveiðum á afrjettarlöndum upprekstrarfjelagsins, og greiðist þá allur kostnaður úr sveitarsjóðum viðkomandi hreppa, í rjettum hlutföllum við sauðfjáreign hvers þeirra.

2. gr.

Á vori hverju skal hreppsnefnd annast um, að ráðnir sjeu hæfilega margir skotmenn og grenjaleitarmenn, og hverjum þeirra ætlað ákveðið svæði. Skal skotmaður jafnan vera með í leitinni. Finnist gren með yrðlingum í, skal skotmaður strax leggjast á það með aðstoðarmanni sínum, og eru þeir skyldir að liggja þar 3 sólarhringa, nema grenið sje áður að fullu unnið. Vinnist ekki gren að fullu, skal skotmanni skylt að eitra á greninu.

3. gr.

Aðallega skal gjöra tvær grenjaleitir á hverju vori, bæði á heimalöndum og afrjettum, hina fyrri um fardaga, en hina síðari um 10 vikur af sumri. Þó geta hreppsnefndir ákveðið aðra tíma til grenjaleita, þegar þeim finst ástæða til.

4. gr.

Hreppsnefnd semur um kaup við skotmenn og aðstoðarmenn þeirra. Fyrir fyrra dýrið, sem skotmaður vinnur á greni, fær hann sjerstaklega kr. 5.00. En fyrir það síðara kr. 10.00, og kr. 2.00 fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni. Enda er skotmanni skylt að sanna, hve mörg dýr hann hefir unnið á hverju greni. Bannað er að rjúfa gren eða spilla þeim á annan hátt.

5. gr.

Hverjum þeim, er vinnur hlaupadýr, hvort heldur með skoti, í boga, eða á annan hátt, skulu greiddar kr. 8.00 fyrir hvert þeirra, úr sveitarsjóði. Vinni sami maður 6 dýr á einum vetri, skulu honum auk þess greiddar sem verðlaun kr. 50.00, úr sýslusjóði, enda sanni hann fyrir hreppsnefnd að hann hafi unnið dýrin.

6. gr.

Nú finnur maður gren, án þess að hann sje í grenjaleit, og álitur að í því sjeu yrðlingar, skal hann þá tafarlaust tilkynna það viðkomandi hreppsnefnd eða skotmanni, og ber honum sanngjörn þóknun fyrir ómak sitt.

59

22. apríl

7. gr.

Hreppsnefndir halda bók, sem í skal rita skýrslu um eyðing refa. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum í hreppnum með glöggri lýsingu, svo finna megi grenin eftir henni.

8. gr.

Eittra skal fyrir refi árlega, á hagfeldum stöðum og hentugum tíma; skal hreppsnefndin auglýsa það á nærliggjandi stöðum. Ef rjúpur eða aðrir fuglar eru eittraðir, er skylt að auðkenna þá á þann hátt, að stýfa af hálfan hægri væng. Nota skal til eitrunarinnar Strychin eða annað eitru, ekki ósterkara. Skal hreppsnefnd annast útvegum á því, og afhenda aðeins þeim mönnum, sem hún trúir til að fara gætilega með það. Alt eittrað agn skal grafa að vori svo djúpt, að ekki stafi hætta af.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða eftir málavöxtum sektum, frá 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð viðkomandi hrepps.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 11. maí 1922, og birtist þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.